

**64. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn í Svörtuloftum, fundarsal í ráðhúsi Vesturbyggðar þriðjudaginn 3.  
maí 2022 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Rebekka Hilmarsdóttir (RH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

**Fundargerð ritaði:** Iða Marsibil Jónsdóttir, formaður

**Dagskrá:**

**1. Samgöngu- og vegakerfi á sunnanverðum Vestfjörðum - 2205012**

*Rætt um samgöngu- og vegakerfi á sunnanverðum Vestfjörðum og bókun sveitarfélaganna 12. apríl sl. vegna umfjöllunar um ferjuna Baldur. Í kjölfarið óskuðu fulltrúar sveitarfélaganna eftir fundi með Vegagerðinni, Samgöngustofu, innviðaráðherra og formanni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Sá fundur fór fram 25. apríl 2022 og voru umræður þar um samgöngu- og vegakerfi á sunnanverðum Vestfjörðum gagnlegar en betur má en duga skal. Vegir á sunnanverðum Vestfjörðum koma illa undan vetri og segja má að þeir séu meira og minna ónýtir. Nauðsynlegt er að brugðist verði við alvarlegri stöðu vega á sunnanverðum Vestfjörðum hið fyrsta. Sveitarfélögin reikna með aðgerðum að hálfu Vegagerðarinnar þó verkefnið virðist vaxa stofnuninni í augum. Sveitarfélögin óska eftir að fá aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar um hvernig brugðist verði við þessu alvarlegu ástandi á sunnanverðum Vestfjörðum.*

**2. Brunavarnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði - 2110028**

*Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps fór yfir stöðuna við undirbúning mögulegrar stofnunar byggðasamlags fyrir brunavarnir á sunnanverðum Vestfjörðum.*

**3. Almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum - 2101015**

*Rætt var um næstu skref í undirbúningi áframhaldandi reksturs almenningsamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum.*

**4. Framhaldsskólanám á sunnanverðum Vestfjörðum - 2109016**

*Rætt um stöðu framhaldsskólanáms á sunnanverðum Vestfjörðum. Farið yfir fund framkvæmdastjóra sveitarfélaganna með mennta- og barnamálaráðherra 31. mars 2022 um framtíðarsýn framhaldsskólanáms á sunnanverðum Vestfjörðum.*

**5. Strandsvæðaskipulag Vestfjarða - 2203081**

*Rætt um stöðu vinnu við strandsvæðaskipulag Vestfjarða.*

AS  
RH  
LM  
BG  
OPÓ

**6. Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2021 - 2205013**

*Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2021 lagður fram. Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður safnsins og Margrét Magnúsdóttir, skoðunarmaður sátu fundinn undir þessum lið og fóru yfir ársreikninginn.*


*Tap safnsins á árinu 2021 nam 1.044.537 kr. sem skýrist af því að styrkir voru ekki greiddir út fyrr en á árinu 2022. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 22.682.755 kr. og bókfært eigið fé í árslok er 22.339.263 kr.*

*Nefndin staðfestir ársreikninginn samhljóða.*

**7. Starfsemi Minjasafns Egils Ólafssonar 2022 - 2205014**

*Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður safnsins sat þennan lið og fór yfir starfsemi safnsins á árinu 2022.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:20.**

  
Þósa Marsibil Jónsdóttir (IMJ)


  
Þórkátla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ)

  
Ásgeir Sveinsson (ÁS)

  
Lilja Magnúsdóttir (LM)

  
Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

  
Rebekka Hilmarsdóttir (RH)

  
Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)